

## Svar

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur um framleiðslu sauðfjárafurða.

1. *Hefur markmiði samnings um framleiðslu sauðfjárafurða frá 11. mars 2000, um uppkaup á 45.000 ærgildum að lágmarki, verið náð?*

Já, þessu markmiði samningsins var náð um mitt ár 2002.

2. *Hafa uppkaupin stuðlað að því að færa framleiðslu sauðfjárafurða sem næst neyslu innan lands?*

Já, uppkaupin hafa stuðlað að því. Neysla sauðfjárafurða hefur hins vegar haldið áfram að minnka undanfarin ár og framleiðsla er umfram eftirspurn á innlendum markaði.

3. *Hefur umfang heimaslátrunar og sala lambakjöts á svörtum markaði verið rannsakað?*

Með vísan til 5. gr. laga nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, er eigendum lögbýla heimilt að slátra búfé sínu á sjálfu býlinu til eigin neyslu. Ef heimaslátrun er hins vegar stunduð til að selja lambakjöt á svörtum markaði er það ólöglegt athæfi. Eftirlit með slíku er í höndum lögregluþingvalda á hverju svæði fyrir sig.

4. *Hefur farið fram könnun á umfangi framleiðslu framleiðenda án beingreiðsluréttar og áhrifum hennar á stöðu framleiðenda með beingreiðslurétt?*

Umfang framleiðslu framleiðenda á beingreiðsluréttar liggur fyrir, sjá svar við 6. tölul. fyrirspurnarinnar. Áhrif framleiðslu framleiðenda án beingreiðsluréttar geta þó vart talist mikil miðað við heildarframleiðslu sauðfjárafurða.

5. *Hver er réttur aðila sem framselt hefur beingreiðslurétt sinn til annars lögbýlis en heldur engu síður áfram framleiðslu til markaðssetningar sauðfjárafurða innan lands?*

Aðilaskipti að greiðslumarki sauðfjár eru heimil samkvæmt 2. mgr. 38. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Sá sem framselt hefur allt greiðslumark sauðfjár til eiganda annars lögbýlis nýtur ekki beingreiðslna úr ríkissjóði. Þær greiðast á grundvelli greiðslumarks og tiltekinnar sauðfjáreignar með ákveðnum undanþágum en réttur til beingreiðslna er ekki framleiðslutengdur. Hafi aðili selt hluta greiðslumarksins getur hann notið beingreiðslna á grundvelli þess hluta greiðslumarksins sem er enn í eigu hans, ef uppfyllt eru önnur skilyrði laganna. Í íslenskri löggjöf eru hins vegar engin ákvæði sem koma í veg fyrir að sá sem hefur selt allt greiðslumark sauðfjár, eða hluta þess, geti framleitt sauðfjárafurðir til markaðssetningar innan lands í því magni sem hann óskar. Honum er þó skylt að flytja út sama hlutfall af framleiðslunni og aðrir sauðfjárframleiðendur eða greiða útflutningsgjald með sama hætti og þeir, en uppgjör á því annast sláturleyfishafar í samræmi við ákvæði 29. gr. laga nr. 99/1993.

6. *Hefur verið gerð könnun á magni þeirra sauðfjárafurða sem koma á innanlandsmarkað frá framleiðendum án beingreiðsluréttar?*

Oft eru margir á sama býli skráðir innleggjendur sauðfjárafurða. Innleggjendur eru því töluvert fleiri en lögbýli með greiðslumark. Lögbýli með virkt greiðslumark árið 2002 voru 1.973 en 2.059 á árinu 2001. Árið 2002 komu 95% framleiðslunnar frá þessum búum, eða 8.672 tonn. Frá 351 lögbýli án greiðslumarks komu 314 tonn og frá framleiðendum utan lögbýla komu 32 tonn.